

Markmið með samgöngustefnu Brims er að hvetja starfsmenn til að nota vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta til að bæta umhverfið.

Starfsmönnum býðst að gera samgöngusamning ef þeir vilja skuldbinda sig til að nota vistvænan ferðamáta. Í honum felst skuldbinding starfsmanna til að nota vistvænan ferðamáta, t.d. að ganga, hjóla, hlaupa eða nota almenningsamgöngur.

- Greitt er árskort fyrir starfsmenn sem að jafnaði nota strætó í ferðir til/frá vinnu.
- Greitt er andvirði árskorts í strætó á höfuðborgarsvæðinu til starfsmanna sem jafnaði ganga, hlaupa eða hjóla til og frá vinnu eða sammælast tveir eða fleiri í bíl.
- Fyrir starfsmenn sem að jafnaði nota vistvænan ferðamáta greiða félögin leigubílakostnað ef upp kemur neyðartilfalli á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.
- Starfsmenn sem ferðast innanlands á vegum félagsins eru hvattir til að samnýta ferðir með leigu- og bílaleigubílum eins og kostur er. Þegar um hópferðabíla er að ræða er notast við vistvæn ökutæki ef því verður við komið.
- Starfsmenn eru hvattir til að nýta síma- og fjarfundabúnað eins og kostur er til að minnka samgöngusporið.
- Haldnir eru reglulegir fræðslufundir með það að markmiði að auka vitund starfsmanna sinna um vistvænar samgöngur.
- Samgöngusamningur er eingöngu fyrir fastráðna starfsmenn sem hafa unnið í þrjú mánuði eða lengur hjá félaginu.

Samþykkt af stjórn Brims hf. þann 17. desember 2020.